

Nd.

212. Frumvarp til laga

[89. mál]

um verzlunaratvinnu.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að tryggja eftir því sem tók eru á:

1. Að borgararnir eigi vól á sem beztri verzlunarbýónustu á hverjum stað og tíma;
2. að þeir aðilar, sem fást við verzlun, séu búnir þeim hæfileikum, að þeir geti uppfyllt skyldur, sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar gagnvart viðskiptavinum sínum og samfélaginu;
3. að verzlun geti þrífzt í landinu sem atvinnugrein.

2. gr.

Með orðinu verzlun í lögum þessum er átt við heildverzlun, umboðsverzlun, þar með talin tilboðasöfnun um vörusölu og vörukaup, og smásöluverzlun.

Lög þessi taka þó ekki til:

1. Lyfjaverzlunar, að því leyti sem lyfsalar hafa einkasölu á lyfjum.
2. Sölu á búsafurðum eða fiskfangi, sem maður hefur aflað sjálfur eða skyldulið hans.
3. Sölu framleiðsluvara, hvers konar iðju eða iðnaðar, sem seljandi hefur sjálfur gert.

Verði ágreiningur um, hvort leyfi þurfi samkvæmt lögum þessum til tiltekinnar tegundar verzlunar, sker ráðherra úr, en þann úrskurð má bera undir dómstóla til úrlausnar með málssókn á hendur lögreglustjóra, sem í hlut á.

3. gr.

Verzlun samkvæmt 2. gr. er óheimilt að reka á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema til komi leyfi samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Hver einstaklingur, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum, á rétt á leyfi eða endurnýjun leyfis til verzlunar, enda hafi réttur til verzlunarrekstrar ekki verið af honum dæmdur:

1. Hefur íslenskt ríkisfang og er heimilisfastur á Íslandi.
2. Er fjárráða.
3. Hefur lokið háskólaprófi í viðskiptafræðum, hagfræði eða lögfræði eða prófi úr verzlunarskóla, sem viðurkenndur er af ráðherra, eða hefur aðra menntun, sem ráðherra leggur að jöfnu slíku prófi. Enn fremur má veita þeim verzlunarleyfi, sem um þriggja ára skeið hefur starfað við verzlun og að þeim starfstíma loknum sótt sérstakt námskeið í verzlunarfræðum, sem ráðherra viðurkennir, og lokið þaðan prófi. Meðan ekki er völ á slíkum verzlunarnámskeiðum, sem gert er ráð fyrir í þessum tölulið, má veita þeim verzlunarleyfi, sem starfað hefur þrjú ár við verzlun og sannar með vottorðum vinnuveitenda, að hann hafi vegna starfsreynslu sinnar þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum, sem snerta verzlunarrekstur, sem telja má nauðsynlega til að reka verzlun.
4. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða í lögum og reglugerðum til að mega reka verzlun.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda að svo miklu leyti, sem þau stangast ekki á við ákvæði í samningum Íslands við erlend ríki eða ákvæði alþjóðlegra samninga, sem Ísland kann að gerast aðili að.

5. gr.

Félag eða stofnun á rétt á verzlunarleyfi eða endurnýjun verzlunarleyfis sem hér segir:

1. Beri einhverjir félagar fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, skal það eiga skráð heimili og varnarþing á Íslandi og félagsstjórnin öll og þeir, sem firmað rita, fullnægja skilyrðum 1., 2. og 4. töluliðs 4. gr. Þó skal einn stjórnandi og fulltrúi eða prókúruhafi félagsins fullnægja öllum skilyrðum 4. greinar.
2. Beri enginn félagar fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, skal félagið eiga skrásett heimili og varnarþing á Íslandi og stjórnendur þess fullnægja skilyrðum 2. og 4. töluliðs 4. greinar. Þó skal einn stjórnenda, endurskoðendur og framkvæmdastjórnar slíks félags fullnægja öllum skilyrðum 4. gr.

Sé félag hlutafélag, skal hlutafé enn fremur vera að meiru en helmingi eign manna búsettra hér á landi, enda sé ekkert í samþykktum félags, er brjótí í bág við íslensk lög.

6. gr.

Verzlunarleyfi má ekki veita starfsmönnum ríkisins eða ríkisstofnana, starfsmönnum sveitarfélaga eða stofnana þeirra og heldur ekki opinberum sýslunarönnum né mökum þeira, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað að verzlunarreksturinn megi samrýmast stöðu þeirra.

7. gr.

Verzlunarleyfi er bundið við nafn, persónu eða firma. Eftirlifandi maka er þó heimilt að halda áfram verzlun látins maka síns án nýs leyfis, enda þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 4. gr., enda ráði eftirlifandi maki forstöðumann að verzluninni, er fullnægi öllum skilyrðum 4. gr.

Sömu reglur gilda eftir því sem við á um bú aðila, svo og í því tilfalli, að verzlunarleyfishafi missi um stundarsakir hæfi samkvæmt 4. gr.

8. gr.

Í verzlunarleyfi skal skráð, hvers konar verzlun samkvæmt 2. gr. leyfð er, og takmarkast heimildin við þá tegund verzlunar. Þó má sá, sem fengið hefur leyfi til heildverzlunar, einnig reka umboðsverzlun eftir sama leyfisbréfi.

9. gr.

Verzlunarleyfi skal annað tveggja gefið út fyrir staðbundna verzlun í ákveðnu lögsagnarumdæmi, sem tiltekið er í leyfisbréfi, eða fyrir landið allt. Verzlun, sem rekin er í hreyfanlegri starfsstöð, skal í þessu tilliti talin með staðbundnum verzlunum.

Verzlunarleyfi, sem gefið er út fyrir landið allt, veitir heimild til smásöluverzlunar:

- a. utan löggiltra verzlunarstaða,
- b. innan löggiltra verzlunarstaða með vörutegundir, sem ekki er verzlað með í þeim verzlunarstað.

Leyfi til verzlunar skv. 2. mgr. veitir þó ekki leyfishafa heimild til verzlunar utan lögsagnarumdæmis þar sem leyfi er út gefið, nema til komi samþykki lögreglustjóra þar sem verzlun á að reka hverju sinni.

Leyfi til heildverzlunar og umboðsverzlunar veitir rétt til að safna tilboðum í vörur hvar á landi sem er og í íslenzkri landhelgi.

10. gr.

Borgarfógeti í Reykjavík eða lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að verzla, lætur leyfisbréf af hendi. Leyfisbréf til verzlunar, sem gildir fyrir landið allt, gefur lögreglustjóri út á þeim stað, þar sem umsækjandi á heimilisfesti eða firma er skráð. Lögreglustjóri annast einnig um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfsins birtist í Lögbirtingablaði þegar í stað eftir útgáfu leyfisbréfs.

Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða firma, heimilisfang, tegund verzlunar, hvar verzla megi samkvæmt leyfinu og hvenær það var útgefið.

Verzlunarleyfi gildir í fimm ár, en skal endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef leyfishafi fullnægir þá skilyrðum þessara laga.

11. gr.

Hagstofa Íslands heldur skrá um þá aðila, sem á hverjum tíma hafa leyfi til verzlunarrekstrar.

12. gr.

Hverjum þeim, sem hefur leyfi til að stunda verzlunaratvinnu, ber að hafa fasta starfsstöð eða starfsstöðvar og ber að tilkynna heimilisfang slíkrar starfsstöðvar og breytingu á því heimilisfangi til Hagstofu Íslands.

13. gr.

Verzlunarleyfishafi samkvæmt lögum þessum fyrirgerir leyfi sínu, ef hann fullnægir ekki lengur einhverjum þeirra skilyrða, sem lögín setja fyrir verzlunarleyfi, sbr. þó 2. mgr. 7. gr., eða ef réttur til verzlunar er af honum dæmdur. Sé hæfissir einstaklings, sem í hlut á, þannig vaxinn, að úr honum verði bætt eða stjórnandi eða framkvæmdastjóri félags eða stofnunar eigi í hlut, eða slíkt félag eða stofnun fullnægir ekki lengur skilyrðum 4. gr., skal aðili hafa komið þessum atriðum í löglegt horf innan þriggja mánaða frá því breytingin varð, en fyrirgeri ella leyfi sínu. Ráðherra getur lengt þennan frest, ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Fyrir útgáfu leyfisbréfs til að stunda verzlun skal lögreglustjóri (í Reykjavík borgarfélagi) innheimta gjald í ríkissjóð, samkv. 7., 8. og 10. tölulið 29. gr. laga nr. 104/1965, um aukatekjur ríkissjóðs. Fyrir endurnýjun verzlunarleyfis skal innheimta gjald samkvæmt 20. tölulið 29. gr. Endurnýjunargjald skal taka fyrir útgáfu verzlunarleyfis til fyrirtækis, sem starfrækt hefur verið samkvæmt verzlunarleyfi stjórnanda þess.

15. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1968. Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, svo og lög nr. 11 13. febrúar 1943 og nr. 38 29. marz 1961, um breytingu á þeim lögum. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 78 22. nóvember 1907, um farandsala og umboðssala, og lög nr. 45 30. júlí 1909, um námskeið verzlunarmanna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Innan eins árs frá gildistöku þessara laga, skulu þeir aðilar, sem samkvæmt gildandi lögum hafa rétt til að stunda verzlunaratvinnu á Íslandi, endurnýja þau leyfi í samræmi við ákvæði laga þessara. Séu leyfi ekki endurnýjuð fyrir 1. júlí 1969, falla þau úr gildi.

Aðilar, sem öðlzt hafa leyfi til einherrar tegundar verzlunar skv. eldri lögum og stunda slíkan verzlunarrekstur við gildistöku laga þessara, skulu fá leyfi sín endurnýjuð skv. ákvæðum þessara laga, þótt þeir ekki fullnægi kröfum 4. gr. laganna að því leyti sem þær eru strangari en ákvæði 3. gr. laga nr. 52/1925.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfum, dags. 11. desember 1964, skipaði atvinnumálaráðuneytið nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um verzlunaratvinnu. Í nefndina voru skipaðir þeir Hafsteinn Sigurðsson, hrl., samkvæmt tilnefningu Félags íslenzkra stórkaupmanna, Jón Arnþórsson, fulltrúi samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Sveinn Ásgeirsson, hagfræðingur, samkvæmt tilnefningu Neytendasamtakanna, Sveinn Snorrason, hrl., samkvæmt tilnefningu Kaupmannasamtaka Íslands og Jón Sigurðsson, deildarstjóri í atvinnumálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Vegna brottflutnings Jóns Arnþórssonar var Gunnar Grímsson, starfsmannastjóri, skipaður til að taka sæti hans í nefndinni 27. sept. 1965.

Nefndin var skipuð vegna ítrekaðra óska Félags íslenzkra stórkaupmanna og Kaupmannasamtaka Íslands um endurskoðun á gildandi lögum um verzlunaratvinnu

til samræmis við breyttar aðstæður og verzlunarhætti frá þeim tíma, sem gildandi lög voru sett.

Nefndin er á einu máli um, að þau markmið, sem stefna ber að við setningu laga um verzlunaratvinnu, séu þessi:

1. Að borgararnir eigi vól á sem beztri verzlunarþjónustu á hverjum stað og tíma.
2. Að tryggja, að þeir aðilar, sem fást við verzlun, séu búnir þeim hæfileikum, að þeir geti uppfyllt þær skyldur, sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar, ekki hvað sízt gagnvart samfélaginu í heild.
3. Að tryggja, að verzlun sem atvinnugrein geti þrífist í landinu.

Nefndin gerir sér ljóst, að á þeim tíma, sem liðinn er síðan gildandi lög um verzlunaratvinnu voru sett, hefur átt sér stað mjög greinileg þróun í þá átt að veita einstökum hópum manna einkarétt eða forgangsrétt til ákveðinnar tegundar vinnu. Þannig hafa iðnaðarmenn í löggiltum iðngreinum einkarétt til að selja iðnaðarvinnu af því tagi, vélstjórar hafa forgangsrétt að slíkum störfum og sama máli gegnir um skipstjórnamenn, matsveina, leigubifreiðarstjóra, vörubifreiðarstjóra o. s. frv. Nefndin telur, að sú þróun, sem hér um ræðir, miðist um of við hagsmunir þeirra aðila, sem sérréttindi eignast, og jafnframt hafi hagsmunir þeirra aðila, sem áttu að njóta starfa eða þjónustu þessari starfsstétta, verið fyrir borð bornir.

Nefndin telur því ekki æskilegt, með hliðsjón af þeim markmiðum, sem sett hafa verið hér að framan, að rétturinn til að stunda verzlun verði gerður að neins konar sérréttindum. Nefndin telur þvert á móti æskilegt, að einstaklingar og fyrirtæki séu eins frjálsir að því að stunda verzlun og frekast er kostur, svo framarlega sem tryggt sé eins og kostur er, að verzlunin fullnægi skyldum sínum gagnvart borgurunum og samfélaginu.

Nefndinni er enn fremur ljóst, að ýmis mjög sérstök vandamál rísa í sambandi við verzlun í strjálbýli. Hefur nefndin í tillögum sínum leitast við að gera ráðstafanir, sem veiti íbúum í strjálbýli eins góða verzlunarþjónustu og kostur er, jafnvel þótt samkeppnin um hylli kaupendanna geti ekki þróast þar með sama hætti og gerist í þéttbýli.

Í endurskoðun laganna hefur nefndin orðið ásátt um þá aðferð að taka núgildandi lög um verzlunaratvinnu, sniða af þeim helztu agnúana, sem nefndin og þeir aðilar, sem hún hefur haft samvinnu við um þetta mál, hafa fundið á þeim og jafnframt að gera ráðstafanir til að tryggja trausta og örugga framkvæmd laganna.

Því hefur nefndin orðið sammála um að leitast við að skapa með frumvarpi þessu nokkurn ramma fyrir verzlunaratvinnu sem atvinnugrein, þannig að ekki kreppi um of að henni, en atvinnugreininni sé gefið gott svigrúm til að þróast í samræmi við þær kröfur, sem borgararnir gera á hendur henni á hverjum tíma.

Nefndin ritaði öllum sýslumönnum og bæjarfógetum bréf og óskaði athugasemda og ábendinga um drög að frumvarpinu eins og það þá var. Nokkur svör bárust nefndinni, sum mjög vönduð og hafa sumar þær athugasemdir, sem þar voru gerðar, verið teknar í frumvarpið. Nokkurra athugasemda frá sýslumönnum, sem ekki hafa verið teknar til greina, vill nefndin geta hér.

Bæjarfógeti Akureyrar er því mjög andvígur, að verzlunarleyfi gildi um takmarkaðan tíma og telur með því stofnað til óþarfrar skrifinnsku. Nefndinni er ljóst, að hér er um nokkra verkefnisaukningu að ræða. Hins vegar telur nefndin mjög mikilsvert fyrir opinbera aðila og einkaaðila, að rétt skrá sé á hverjum tíma til um þá, sem hafa heimild til að stunda verzlun. Telur nefndin annaðhvort þurfa að gera að afnema með öllu verzlunarleyfisfyrirkomulagið og lögfesta einungis hæfniskröfur til þeirra, sem verzlun stunda, eða gefa út leyfi og halda áreiðanlega skrá um þá, sem leyfi hafa. Sé það gert, missir leyfisveitingin verulega marks.

Bæjarfógetinn dregur í efa, hversu æskilegt sé að sporna gegn því með löggjöf, að verzlunir, t. d. í Reykjavík, geti haft vörumarkaði úti um land, enda sé augljóst hagræði að slíkum mörkuðum fyrir neytendur. Visast um þetta atriði til athugasemda um 9. gr. frumvarpsins.

Eins og getið var hér að framan, var lagaendurskoðun þessi hafin að beiðni Félags íslenskra stórkaupmanna og Kaupmannasamtaka Íslands. Leitaði nefndin álits þessara féлага á frumvarpinu. Atriði, sem Félag íslenskra stórkaupmanna óskaði breytinga á og ekki hafa verið tekin til greina í frumvarpinu eru:

1. Í 3. tl. 4. gr. frumvarpsins komi 5 ára störf við verzlun sem mark við verzlunarleyfisveitingu í stað 3 ára starfa. Meiri hluti nefndarinnar telur ósennilegt, að síðustu tvö árin auki hæfni verzlunarmannsins verulega í þessu tilliti.
2. Í 6. gr. frumvarpsins verði fortakslaust bann gegn veitingu verzlunarleyfis til handa þeim, sem gegna opinberum störfum og getið er í greininni. Meiri hluti nefndarinnar taldi sig ekki geta lagt til svo umfangsmikla skerðingu á atvinnurekstrarréttindum þessa stóra hóps manna.
3. Verzlunarleyfi gildi ævilangt og því komi ekki til endurnýjunar þess.
Atriði, sem Kaupmannasamtök Íslands gerðu athugasemdir við, voru þessi:
 1. Verzlun í hreyfanlegri starfsstöð (s. s. kjörbúðarbílar) sé óheimil nema utan löggiltra verzlunarstaða, ef verzlun er með vörur, sem í þeim verzlunarstað eru seldar. Meiri hluti nefndarinnar taldi svo mikilvæga þessa þjónustu þar sem svo hagar til, að langt er í verzlunir eða þær óbyggðar, að fyrir henni yrði að sjá með einhverjum hætti.
 2. Bætt verði nýmæli í frumvarpið, sem banni leigusölum verzlunarhúsnæðis að hefja sjálfir að reka verzlun eða leigja húsnæði til verzlunar, sams konar og verið hefur í húsnæðinu, 5 ár eftir að leigutaka hefur verið sagt upp leigu. Nefndin taldi meginefni laganna um verzlunaratvinnu varða form og efniskröfur til að mega reka verzlun. Vandamál, sem upp rísa vegna „good will“ verzlunar í leiguhúsnæði, taldi nefndin því ekki eiga heima í þessum lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er stefnuyfirlýsing um þau meginmarkmið, sem setningu og framkvæmd laganna er ætlað að ná, í samræmi við það sem sagt er um það efni hér að framan.

Eins og þegar hefur verið, rætt, telur nefndin meginmarkmið laganna vera þriðþætt. Telur nefndin þar komu fyrst, að borgararnir njóti hinnar beztu verzlunarþjónustu, sem völ er á.

Nefndin telur það enn fremur markmið laganna, að þau stuðli að því, svo sem verða má, að þeir, sem verzlunarrekstur stunda, fullnægi skyldum sínum gagnvart samfélaginu, þar eð kröfur nútíma þjóðfélags til atvinnurekstrar af þessu tagi eru orðnar mjög flóknar og umfangsmiklar.

Í sama tölulíð frumvarpsgreinarinnar er rætt um skyldur þeirra, sem þessa atvinnu stunda, gagnvart viðskiptavinum sínum. Ekki eru önnur kvæði í lögunum, sem beinlínis snúa að þessu atriði, enda má ætla, ef viðskipti þróast án þess að upp komi einhvers konar einokunarsamvinna, að þeir aðilar, sem ekki uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinunum, megi fljótlega hætta þessum atvinnurekstri sjálfkrafa.

Nefndin telur að lokum ástæðu til að gera það að einu stefnuatriðanna í sambandi við þessa lagasetningu, að verzlun sem atvinnugrein geti átt sæmileg lífsskilyrði í landinu. Með þessu ákvæði er áréttuð sú skoðun nefndarinnar, að verzlun sé atvinnurekstur, sem eigi jákvætt framlag til þjóðarbúskaparins á sama hátt og aðrar atvinnugreinar í landinu.

Um 2. gr.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir allmiklum breytingum á gildandi lögum. Gerð er breyting á tegundaheitum í verzlun, t. d. heildverzlun í stað stórsölu, til samræmis við málvenju, sem nú er ríkjandi. Í 1. mgr. er enn fremur gert ráð fyrir

þeirri breytingu, að tilboðasöfnun um vörusölu og vörukaup verði ekki sérstök tegund verzlunar samkvæmt frumvarpinu eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum, heldur skuli þess konar atvinnurekstur falla undir hugtakið umboðsverzlun.

Í 2. tölulið greinarinnar er gerð sú breyting frá gildandi lögum, að sleppt er orðunum „og sala á öðrum slíkum innlendum afla eða framleiðslu“. Nefndin sá ekki ástæðu til að halda þessu óljósa ákvæði í lögnum.

Í frumvarpsgreininni er enn fremur felldur niður allur 4. og 5. töluliður greinarinnar. 4. töluliður fjallar um, að ekki þurfi verzlunarleyfi til vöruútvegunar manna í félagi til eigin þarfa og er þá átt við, að félagsskapur eins og pöntunarfélög þurfi ekki verzlunarleyfi, ef um er að ræða pöntun, sem gerð er fyrir fram, áður en til innkaupanna kemur. Nefndin viðurkennir, að ekki sé ástæða til að meina mönnum að reka pöntunarfélög, ef þeim sýnist svo. Á hinn bóginn sér nefndin ekki ástæðu til annars en krefjast þess, að slíkt pöntunarfélag öðlist verzlunarleyfi og fullnægi þar með almennum skilyrðum, sem gerð eru til manna, sem stunda verzlun. Fram kom í nefndinni sú skoðun, sem mun vera ríkjandi meðal kaupmanna, sem reka smásöluverzlanir, að nauðsynlegt sé a. m. k. að krefjast þess, að pöntunarfélög af þessu tagi, sem eiga vörubirgðir og séu því raunverulega smásöluverzlanir, þurfi að fullnægja sömu skilyrðum að því er varðar aðbúnað og hreinlætiskröfur eins og smásöluverzlanir almennt þurfa að gera. Halda kaupmenn því fram, að þessir aðilar geti dreift vörum í smásölu ódýrar en kaupmenn meðal annars vegna þess, að þeir stunda þennan rekstur í ófullkomnu og ódýru húsnæði. Auk þess hafa þeir bent á, að í mörgum tilfellum er húsnæðið lagt til án endurgjalds af vinnuveitanda, svo og flutningar á vörum að verzluninni. Að því er varðar heilbrigðissjónarmið í þessu sambandi, telur nefndin þau vera óviðkomandi verkefni nefndarinnar og tekur því ekki afstöðu til þeirra. Á hinn bóginn bendir nefndin á, að sú fullkomna skráning verzlunarleyfishafa, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, muni auðvelda allt eftirlit með þeim aðilum, sem verzlunarrekstur stunda. Um þetta sjónarmið kaupmanna að öðru leyti var nefndin þeirrar skoðunar, að einungis skyldi gert ráð fyrir, að pöntunarfélög þurfi verzlunarleyfi til að starfa.

5. töluliður greinarinnar, eins og hún er í núgildandi lögum, hefur sömuleiðis verið felldur niður. Í þeim tölulið er sala á innlendri mjólk, rjóma, skyri, eggjum, brauði og kökum, undanþegin lögnum. Nefndin fær ekki séð nein sérstök rök liggja til þess, að þessar vörutegundir séu undanþegnar ákvæðum laganna um verzlunarátvinnu umfram það, sem þær eru sjálfkrafa undanþegnar lögnum, ef þær falla undir ákvæði 2. eða 3. töluliðar greinarinnar.

Þá er enn fremur felld úr þessari grein málsgrein um farandsala, sem ekki eru búsettir hér á landi. Nefndin ætlar ákvæðum lagafrumvarpsins, ef að lögum verður, að gilda um farandsala, enda er gert ráð fyrir í 17. gr. frumvarpsins, að lög nr. 78 22. nóvember 1907, verði úr gildi felld.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir heimild til að krefja dómstóla fyrir fram úrlausnar um það, hvort leyfi þurfi til tiltekinnar tegundar verzlunar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ráðherraúrskurði, sem bera megi undir dómstóla eftir á með málsókn á hendur lögreglustjóra, sem í hlut á.

Efni 3. töluliðar greinarinnar er breytt verulega frá gildandi lögum þannig, að í stað þess að handavinna manns, skylduliðs, nemenda og sveina, sé undanþegin lögnum, er sala á framleiðsluvörum iðju eða iðnaðar, sem seljandi hefur sjálfsgert, undanþegin lögnum. Efnislega er greinin þannig þrengd, gagnvart framleiðanda vöru, hafi hann mann í vinnu.

Í sambandi við skýringu á þessari grein er vert að geta umræðna, sem orðið hafa í nefndinni um þann vanda að greina glögglega á milli verzlunarátvinnu annars vegar og sölu á framleiðsluvöru iðju eða iðnaðar hins vegar. Hér er um að ræða skilgreiningaratriði, sem nefndin telur að skera verði úr í framkvæmd laganna í sambandi við almenn skil á milli framkvæmdar laganna um iðju og iðnað annars vegar og hins vegar laganna um verzlunarátvinnu. Nefndin telur, að þau megin

sjónarmið, sem hljóti að ráða við þessi skil, séu, að það sé verzlun, þegar vara er keypt til að selja hana aftur í óbreyttu formi, nema að því er varðar magn einingar, t.d. í sambandi við pökkun vöru og þess háttar. Á hinn bóginn mundi vera um að ræða sölu á framleiðsluvörum, ef vara er keypt í því skyni að breyta henni, þannig, að um sé að ræða nýja vörutegund og hún síðan seld þannig. Í þessu sambandi hljóta að koma upp mörg vafaatriði, sem ógerlegt er að taka afstöðu til með lagasetningu, en verður að láta framkvæmdinni eftir. Sem dæmi má nefna efnivörur, sem rafvirki selur í sambandi við vinnu sína. Hann kaupir þessa efnivöru í því skyni að selja hana aftur, en selur hana, svo sem rafmagnsrör og þess konar, í nýju formi að því leyti, að rörin eru seld sem hluti af rafkerfi húss.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Greinin er að stofni til hin sama og 3. gr. gildandi laga, en á henni eru gerðar allmiklar breytingar.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir endurnýjun verzlunarleyfis. Um það efni vísast til greinargerðar með 10. gr., þar sem verzlunarleyfi er gefinn ákveðinn gildistími.

Í 1. tölulið 3. gr. laganna nr. 52/1925, er gert ráð fyrir, að maður, sem er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfið er veitt og hefur verið það síðasta árið, geti fengið verzlunarleyfi. Frumvarpsgreinin gerir það að skilyrði á hinn bóginn, að einstaklingur þurfi íslenskt ríkisfang til þess að öðlast verzlunarleyfi, jafnframt heimilisfesti.

Ákvæði 2. töluliðar 4. gr. frumvarpsins er óbreytt frá gildandi lögum.

Ákvæði 3. töluliðar 3. gr. gildandi laga er hins vegar felldur úr frumvarpinu. Þessi töluliður fjallar um heimild aðila til að öðlast verzlunarleyfi, þegar bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Meiri hluti nefndarinnar telur gjaldþrot ekki vera atriði, sem skiptir máli gagnvart meginstefnu frumvarpsins, eins og hún er mörkuð í 1. gr. þess. Raunar telur nefndin, að gildandi ákvæði ýti undir verzlun gjaldþrota manna á nafni annarra og telur nefndin þá aðferð óæskilega. — Þó nefndin ætlist þannig til, að gjaldþrota menn geti öðlast hina formlegu heimild til verzlunarreksturs, gerir hún sér ljóst, að í raun mundi slíkum aðilum verða örðugt um vik að setja á stofn verzlun vegna skorts á lánstrausti. Ef hins vegar einhver vill hætta fé sínu í verzlunarrekstri gjaldþrota manns, telur meiri hluti nefndarinnar, að formreglur ættu ekki að vera því til fyrirstöðu.

4. töluliður 3. gr. laganna nr. 52/1925, hefur verið felldur úr gildi með 1. gr. laga nr. 38/1961. Ákvæði þetta fjallar um óflekkað mannorð sem skilyrði fyrir verzlunarleyfi og hefur því ekki verið tekið upp í frumvarpið.

Ákvæði 3. töluliðar 4. gr. frumvarpsins svarar til ákvæða 5. töluliðar 3. gr. gildandi laga og 5. töluliðar reglugerðar nr. 43/1926.

Gert er ráð fyrir ferns konar leiðum til að fullnægt sé þekkingarkröfum til að öðlast verzlunarleyfi.

1. Háskólaprófi í viðskiptafræðum, hagfræði eða lögfræði.
2. Burtfararprófi frá verzlunarskóla, sem ráðherra viðurkennir, eða samsvarandi menntun.
3. Þriggja ára störfum við verzlun og námskeið í verzlunarfræðum að þeim tíma liðnum.
4. Meðan ekki hefur verið komið á fót námskeiðum eins og ráðgerð eru undir lið 2, megi vottorð um starfsreynslu koma þess í stað.

Felld er niður úr frumvarpinu ákvæði um, til hvarra skuli leita eftir áliti, áður en reglugerð er sett um þetta efni. Viðtæk samvinna um reglugerð af þessu tagi er svo sjálfsgöð í stjórnsýslunni, að óþarft verður að telja að taka slíkt fram í lögum.

4. töluliður 4. gr. frumvarpsins er óbreyttur frá 6. tölulið 3. gr. laganna.

Tekið er upp nýtt ákvæði um, að ákvæði greinarinnar víki fyrir milliríkjasamningum, sem Ísland kann að gera og snertir þetta svið.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skilyrði, sem félög eða stofnanir þurfa að fullnægja til þess að öðlast verzlunarleyfi eða endurnýjun verzlunarleyfis. Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum að því frá töldu, að erlendir menn geti átt sæti í stjórn hlutafélags, sem reki verzlun.

Í nefndinni kom fram sá skoðun, að ástæða væri til þess, að öll félagsstjórn félags, sem stundar verzlun, fullnægi öllum skilyrðum 4. gr. frumvarpsins, en ekki látið nægja, að einn stjórnarmaður geri það. Hér er um að ræða kröfuna um þekkingarskilyrði. Var bent á í umræðum um þetta efni í nefndinni, að þess eru allmörg dæmi, að stjórnarmenn í hlutafélögum hafi verið sakfelldir fyrir ýmiss konar brot sem framin hafa verið í félaginu og taldir bera „objektiva“ ábyrgð á þeim brotum. Í sumum tilfellum hefur þar verið um að ræða brot, sem stjórnarmenn þurftu gagnert bókhaldsþekkingu til að komast að, hvað þá koma í veg fyrir.

Var nefndin þeirrar skoðunar, að í þessu efni væri ósamræmi milli refsiaþbyrgðarinnar, sem á. stjórn slíks félag er lögð og þeirra krafna, sem löggin um verzlunarátvinnu gera til stjórnarmannanna.

Á hinn bóginn treystist nefndin ekki til að taka þessa kröfu upp í frumvarpsgreinina, vegna þess að í mörgum tilvikum mundu ekki verða tæk á að kjósa stjórn manna í félögum þannig, að allir fullnægðu þessum skilyrðum.

Um 6. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru ákvæði um, hverjum megi ekki veita verzlunarleyfi, ef verzlunarrekstur samrýmist ekki stöðu þeirra. Samsvarandi ákvæði eru í 4. gr. gildandi laga, þar sem kveðið er á um, að verzlunarleyfi megi ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum né sýslunar né maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að verzlunarreksturinn megi samrýmast stöðu þeirra.

Nefndin hefur orðað þessa grein að nýju og látið hana ná til starfsmanna ríkisins eða ríkisstofnana, starfsmanna sveitarfélaga eða stofnana þeirra og til opinberra sýslunarmanna, og maka þeirra, ef hjón búa saman.

Ástæða er til að undirstrika, að þessi grein miðar ekki að því að koma í veg fyrir, að ríkisstarfsmenn almennt eða starfsmenn bæjarfélaga geti fengið verzlunarleyfi. Á hinn bóginn er greininni ætlað að tryggja, að þeir slíkra starfsmanna, sem gegna opinberum störfum, sem eru ósamrýmanleg verzlunarrekstri, hljóti ekki verzlunarleyfi. Þannig yrði að telja fráleitt, svo dæmi sé nefnt, að starfsmenn Innkaupastofnunar ríkisins eða tollstjóráskrifstofunnar rækju innflutnings- og heildverzlun.

Verður að telja æskilegt, að sú stefna, sem ráðherra markar í þessu efni, verði sett í reglugerð.

Um 7. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um, að verzlunarleyfi sé bundið við nafn, hvort heldur er persónu eða firma. Greinin er í meginráttum sama efnis og 6. gr. gildandi laga. 1. töluliður 7. gr. frumvarpsins tekur þó af vafa, sem var ríkjandi um 6. gr. laganna, að verzlunarrekstur undir ákveðnu firmanafni eða verzlunarrekstur hlutafélag verður ekki starfsræktur, þótt einhver aðili að félaginu hafi öðlazt verzlunarleyfi.

Í greininni eru ákvæði um, að eftirlifandi maki og erfingjar verzlunarleyfishafa megi halda áfram verzlun látins manns án nýs leyfis með ákveðnum skilyrðum. Ákvæði eru um, að sama máli gegni, þegar verzlunarleyfishafi missir um stundarsakir hæfi samkvæmt 4. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í þessari grein er ákvæði um efni verzlunarleyfisbréfs og samsvarar að því leyti 1. málsg. 10. gr. gildandi laga. Skál skráð í verzlunarleyfi, hvers konar verzlun samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er leyfð og tekið fram, að heimildin takmarkist við þá tegund verzlunar. Þó er veitt undanþága frá þessu í 2. málslið greinarinnar, þar sem tekið er fram, að sá aðili, sem fengið hefur leyfi til heildverzlunar, megi einnig reka umboðsverzlun eftir sama leyfisbréfi.

Um 9. gr.

Í þessari grein er framhald ákvæða um efni leyfisbréfs.

Í 10. gr. 2. málsg. gildandi laga er tekið fram, að verzlunarleyfi veiti einungis heimild til verzlunar í ákveðnum kaupstað eða löggiltum verzlunarstað eða í ákveðinni sveit. Í 3. málsg. 10. gr. eru ákvæði um það að veita megi sama aðila leyfi til verzlunar á mörgum stöðum og til fleiri en einnar tegundar í senn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir allmikilli efnisbreytingu að þessu leyti. Er gert ráð fyrir, að verzlunarleyfi sé samkvæmt 9. gr. frumvarpsins annaðhvort gefið út fyrir ákveðið lögsagnarumdæmi, sem tiltekið sé í leyfisbréfi, eða fyrir landið allt.

Í því sambandi er gert ráð fyrir sérstöku ákvæði um verzlun í hreyfanlegri starfsstöð (t. d. kjörbúðarbílar). Er með þessu ákvæði viðurkennd nauðsyn þess, að slík verzlun sé rekin. Jafnframt er tekið fram í 9. gr. frumvarpsins, að verzlunarleyfi, sem gefið er út fyrir landið allt, veiti takmarkaða heimild til verzlunar þannig að það veiti í fyrsta lagi heimild til verzlunar utan löggiltra verzlunarstaða og í öðru lagi veiti það heimild til verzlunar innan löggiltra verzlunarstaða með þær vörutegundir, sem ekki er verzlað með í þeim verzlunarstað.

Hér er um að ræða nýmæli, sem vert er að skýra nokkru frekar. Nefndin hefur gert sér ljóst, að víða á landinu, þar sem viðskiptavinahópur verzlana er mjög þröngur, getur verið örðugt að halda uppi verzlun sem lífvænlegri atvinnugrein, þannig að séð sé fyrir samilegu úrvali vara. Þessi aðstaða hefur orðið kaupmönnum og kaupfélögum þeim mun erfiðari sem þeir viðskiptahættir hafa tíðkapt allmikið og færzt í vöxt, að verzlanir, aðallega í Reykjavík, setji upp stóra markaði, aðallega í sjávarplássum úti um land, þegar ætla má, að fólk á þessum stöðum hafi handbært fé. Vöruúrval á slíkum mörkuðum er skiljanlega miklum mun meira en kaupmenn eða kaupfélög þessara staða geta boðið, og því fer svo, að þessir aðilar njóta viðskipta, sem eru miklu meiri en svarar til þeirrar takmörkuðu þjónustu, sem þeir veita íbúum þessara þorpa og kaupstaða, þegar litið er á allt árið. Nefndin telur æskilegt, að löggjöfin um verzlunaratvinnu sporni gegn þessari þróun og reyni að sjá til þess, að þeir aðilar, sem sjá tilteknum stað fyrir verzlunarþjónustu allt árið, megi að sem mestu leyti njóta allra viðskipta íbúanna. Nefndin telur þá takmörkun, sem hér er gert ráð fyrir, engan veginn að koma í veg fyrir, að neytendur á þessum stöðum njóti þeirrar þjónustu, sem þeir nú fá með stórum vörumörkuðum, sem koma og fara. Á hinn bóginn telur hún eðlilegt, að slík þjónusta sé veitt á vegum þeirra aðila, sem reka verzlun á viðkomandi stað sem umboðsmanna verzlana í Reykjavík eða annars staðar.

Í samræmi við þetta gerir nefndin tillögu um nýmæli í 3. mgr. 9. gr., þar sem leyfi til verzlunar skv. 2. mgr. 9. gr. er bundið samþykki viðkomandi lögreglustjóra hverju sinni. Er lögreglustjóra þannig veitt vald til að meta þá hagsmuni, sem hér er í húfi með hliðstjón af 1. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins er tekið upp ákvæði úr 4. mgr. 9. gr. laganna, þar sem tekið er fram, að leyfi til heildverzlunar og umboðsverzlunar veiti rétt til að safna tilboðum í vörur, hvar á landi sem er og í íslenskri landhelgi.

Vert er að vekja athygli á því í sambandi við þessa grein frumvarpsins, að ákvæði um sveitaverzlun eru felld niður úr frumvarpinu, miðað við gildandi lög. Þau ákvæði eru í 11. gr. laganna, þar sem segir, að leyfi til sveitaverzlunar megi ekki af hendi láta, nema sýslunefnd telji heppilegt, að verzlun sé í þeirri sveit, enda sé

umsækjandi þar heimilisfastur og að hennar dómi hæfur til að reka verzlunina. Nefndin hefur ekki fundið rök til að gera þennan mun á aðstöðu til að koma á fót verzlun í sveit annars vegar og verzlunarstað hins vegar.

Um 10. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru ákvæði um útgáfu leyfisbréfs. Samsvarar greinin að því leyti 8. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir, að lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að verzla, láti leyfisbréf af hendi og enn fremur, að leyfisbréf verzlunar, sem gildi fyrir landið allt, gefi lögreglustjóri út á þeim stað, þar sem umsækjandi á heimilisfesti eða firma er skráð.

Það er nýmæli í þessari grein frumvarpsins, að gert er ráð fyrir tilkynningu, sem birtist í Lögbirtingablaði, um útgáfu leyfisbréfs til að stunda verzlunaratvinnu. Eru ákvæði í frumvarpsgreininni, sem kveða á um, að í tilkynningunni skuli greina nafn leyfishafa eða firma, tegund verzlunar, hvar verzla megi samkvæmt leyfinu og hvenær það var útgefið.

Það er enn fremur nýmæli í 3. mgr. þessarar greinar frumvarpsins, að verzlunarleyfi er gert tímabundið og þá ætlað til, að það gildi í fimm ár, en sé endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef leyfishafi fullnægir þá enn skilyrðum þessara laga.

Tilgangurinn með þessum nýmælum er að reyna að tryggja betri vitneskju almennings og ekki sízt opinberra aðila um þá, sem leyfi hafa til að stunda verzlunaratvinnu. Sama tilgangi þjónar ákvæðið í 11. gr., sem kveður á um, að Hagstofa Íslands skuli halda skrá um þá aðila, sem á hverjum tíma hafa leyfi til verzlunarrekstrar. Má ætla, að slík heildarskrásetning þeirra aðila, sem við verzlunarrekstur fást, auðveldi ýmiss konar eftirlit, svo sem skatteftirlit, heilbrigðiseftirlit o. s. frv.

Í nefndinni kom fram tillaga um, að Félag íslenskra stórkaupmanna og Kaupmannasamtök Íslands ættu umsagnarrétt um hverja umsókn um verzlunarleyfi. Meiri hluti nefndarinnar gat ekki fallizt á þessa tillögu.

Um 12. gr.

Í þessari grein er ákvæðið á um, að hverjum þeim, sem hefur leyfi til að stunda verzlunaratvinnu, beri að hafa fasta starfsstöð og beri að tilkynna heimilisfang hennar og breytingu á því til Hagstofu Íslands, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Efni þessa ákvæðis er nýmæli, sem þjónar svipuðum tilgangi og ákvæði 10. og 11. gr., sbr. það, sem segir hér að framan.

Um 13. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru ákvæði um missi verzlunarleyfis. Ákvæði greinarinnar svara þannig til 7. gr. laganna um verzlunaratvinnu og eru ekki gerðar efnisbreytingar frá gildandi lögum, en greinin orðuð að nýju.

Um 14., 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Rétt þykir að gefa nokkurn frest til gildistöku laganna, vegna undirbúnings, sem myndi verða nauðsynlegur t. d. hjá Hagstofu Íslands. Í greininni er gert ráð fyrir að fella úr gildi lögum um verzlunaratvinnu og lög um breyting á þeim lögum. Jafnframt eru úr gildi felld með ákvæðinu lög nr. 78 22 .nóvember 1907, um farandsala og umboðssala. Þessi síðast nefnda breyting mundi hafa það í för með sér, að erlendir menn munu ekki geta komið hingað til lands til að hefja þar verzlun, umboðssölu eða tilboðasöfnun af neinu tagi í eigin nafni.

Loks er gert ráð fyrir niðurfellingu laga nr. 45 30. júlí 1909, um námskeið verzlunarmanna. Lög þessi hafa ekki verið framkvæmd og eru með öllu úrelt. Gert er ráð fyrir, að ákvæði 3. töluliðar 4. gr. þjóni þeim markmiðum, sem þessum gömlu lögum um námskeið verzlunarmanna var ætlað að ná.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðum þessum er gert ráð fyrir, að gildandi verzlunarleyfi séu endurnýjuð í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að leyfi, sem ekki hafa verið endurnýjuð innan árs frá gildistöku laganna, falli úr gildi.

Ákvæði þetta miðar að því meðal annars, að skrá sú, sem gert er ráð fyrir að Hagstofa Íslands haldi samkvæmt 11. gr. frumvarpsins, verði tæmandi.